



UST

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☐ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Rúnar Dýrmondur Bjarnason  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2006

Tilvísun: UST20060100105/sf

### **Gaslögn frá Álfsnesi að Bíldshöfða í Reykjavík. Matsskylda.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. janúar sl. þar sem óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### **Framkvæmdalýsing**

Framkvæmdin felst í lagningu um 10 km langrar gaslagnar til að flytja metangas frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi að metanáfyllingarstöð Oliufélagsins við Bíldshöfða, með viðkomu hjá Sorpu í Gufunesi.

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að framkvæmdasvæðið sé einungis tiltölulega mjó ræma meðfram lögninni, en ekki kemur fram hversu breytt það svæði er. Á landi verður grafinn skurður, um 1 metri að dýpt og botn hans þakinn 15-25 cm sandlagi. Plastlögnin verður lögð í sandinn og sandur borinn yfir þar til 15-25 cm lag er yfir lögninni. Þá er skurðurinn fylltur með þeim jarðvegi sem grafinn var úr skurðinum og gengið frá yfirborði þannig að sem minnst beri á raskinu. Í fjöru þarf að grafa lögnina með svipuðum hætti og á landi, nema við lokafrágang yfirborðs þarf að fergja hana með grjóti sem er nægilega stórt til að haggast ekki í særótinu.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegast hefði verið að fylgja vegum og leggja lögnina meðfram Vesturlandsvegi.

#### **Náttúruminjar**

Gaslögnin liggur um fjögur svæði sem eru á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, þ.e. Úlfarsá og Blikastaðakró, Leiruvog, Gufuneshöfða og Elliðaárdal. Í náttúruminjaskrá er svæðunum lýst á eftirfarandi hátt:

**Úlfarsá og Blikastaðakró**, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri

strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.

**Leiruvogur**, Mosfellsbæ. (1) Óshólmar Leirvoggsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf.

**Gufuneshöfði**, Reykjavík. (1) Ströndin vestur frá Gullinbrú og Gufuneshöfði fyrir vestan og norðan byggð, ásamt fjöru og grunnsævi. (2) Stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd. Kjöríð útivistarsvæði, gott útsýni.

**Ellidaárdalur**, Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjöríð útivistarsvæði í þéttbýli.

Svæðin Elliðaárdalur, Blikastaðakró og Gufuneshöfði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Leiruvogur nýtur hverfisverndar skv. staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar, *Náttúruverndaráætlun 2004-2008; Aðferðafræði*, er lagt til að svæðið Leiruvogur - Blikastaðakró verði friðlýst. Í forsendum fyrir verndun, viðföng og viðmið segir: „*Fjölbreytt fuglalíf, viðkomustaður farfugla, leira, sjaldgæfar plöntur. Fjölbreyttustu sjávarfítjar í nágrenni Reykjavíkur. Útivistarsvæði með verulegt fræðslugildi.*” Svæðið er þó ekki eitt af þeim svæðum sem vinna skal að því að friðlýsa á næstu árum skv. náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi.

Samkvæmt 37. gr. laga skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Skyld er að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun slíkra vistkerfa. Á undanförunum áratugum hefur stöðugt gengið á leirur, og þar með fæðusvæði fjöruflugla, vegna ýmissa framkvæmda, s.s. vegaframkvæmda og landfyllinga og hafa þau svæði sem enn eru óröskuð því sífellt meira verndargildi.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að gaslögnin mun liggja um svæði sem hafa mikið verndargildi, einkum m.t.t. fuglalífs og því mikilvægt að staðið verði þannig að framkvæmdunum að vernargildi þeirra verði ekki raskað. Mikilvægt er að öllu jarðraski verði haldið í lágmarki og að frágangur verði góður. Umhverfisstofnun bendir á að ströndin hefur gildi sem útivistarsvæði og því mikilvægt að halda henni eins óraskaðri og kostur er, auk þess sem strandsvæði eru varpland fugla.

Gaslögnin mun m.a. liggja undir sunnanverðum Gufuneshöfða sem er á náttúruminjaskrá, sbr. teikningu í tilkynningu um framkvæmdina. Þar hefur nýlega verið lokið við að leggja skólplögn í fjörunni meðfram höfðanum og hefur verið gengið þannig frá svæðinu að þar er nú göngustígur. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þar verði ekki tekið meira svæði undir mannvirki en nú þegar hefur verið gert með lagningu skólplagnarinnar.

### **Dýralíf/fuglalíf**

Í umfjöllun um fuglalíf í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. að fuglalíf á Eiðsvík, á Leiruvogi og í Blikastaðakró sé talsvert og séu þessi svæði talin mikilvæg fyrir fugla, einkum farfugla, bæði þá sem hér verða og umferðarfugla á leið milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og Norður-Kanada. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði tímasett

þannig að sem minnst röskun verði á fuglalífi, þ.e. annað hvort síðla sumars eða snemma vetrar.

Auk þess sem fjörur og grunnsævi í Blikastaðakró og Leiruvogi eru mikilvæg svæði fyrir fugla og nauðsynlegt að þeim verði ekki spillt, eru mikilvæg varplönd fugla við ströndina, s.s. á Gunnunesi. Í ritinu *Innes: Náttúrufar, minjar og landnýting* frá 1985 er m.a. lagt til suður- og vesturhluti Álfsness þ.m.t. Gunnunes og fjaran verði friðlýst vegna fjölbreytts fuglalífs, lífríkrar fjöru og tengsla við Þverney sem sé sérlega skemmtilega gróin. Landselir eru nokkuð algengir innan Eiðis, sérstaklega frá Gorvík inn í Blikastaðakró (sjá skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar um fuglalíf við Gufunes).

Umhverfisstofnun tekur undir það með framkvæmdaraðila að mikilvægt sé að haga framkvæmdum við gaslögnina með þeim hætti að það trufla sem minnst fuglalíf, einkum vor og haust þegar farfuglar leiga leið þar um. Umhverfisstofnunar telur þó að jafnframt þurfi að gæta þess að hlífa ströndinni sem mest við raski og að framkvæmdir þar fari fram utan varptíma. Stofnunin telur rétt að haft verði samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi framkvæmdatíma.

### Fiskar

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að lögnin muni liggja þvert fyrir Leiruvog þar sem tvær laxveiðiár eiga sér ósa, Leirvogsa og Úlfarsá. Einnig muni lögnin lögð framan við árósa Elliðaáa. Þar kemur einnig fram að til að forðast áhrif á fiska vegna umróts við árósa Elliðaáa sé gert ráð fyrir að tímasetja framkvæmdina þannig að hún hafi sem minnst áhrif, líklega snemma vetrar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðið verði þannig að framkvæmdum að þær hafi ekki áhrif á lífríki í Leirvogsa, Úlfarsá og Elliðaám. Stofnunin bendir á að samþykki Veidimálastjóra þarf fyrir mannvirkjagerð sem haft getur áhrif á lífríki í ám og vötnum.

### Jarðmyndanir

Í umfjöllun um jarðfræði í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að jarðfræðilegar minjar eða jarðminjar í þeim skilningi sem notaður var við undirbúning náttúruverndaráætlunar 2002 séu helst Gufunestangi og Fjósaklettur þar út af.

Umhverfisstofnun bendir á að sú skýrsla sem vitnað er til er frá árinu 2002 en náttúruverndaráætlun sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi gildir fyrir árin 2004-2008. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Náttúrufar með sundum í Reykjavík*, frá 1999 kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Á ströndinni frá Eiðinu út í Geldinganes inn undir Korpúlfsstaðabakkana eru einkar fróðleg jarðlög. Þar er samfellt jarðlagasnið í stafla sem er um tveggja milljóna ára gamall. Þar skiptast á hraunlög, jökulbergslög og settlög. Þetta er eina heillega sniðið innan núverandi borgarmarka og hefur því bæði fræðslu- og vísindagildi.“

Þar segir einnig:

„Ströndin frá Gufunesi inn í Rauðabás er einkar fróðleg jarðfræðilega. Þar sjást vel bæði hraunlög og settlög. Einnig gefst þar ágætt tækifæri til fræðslu um eldri jarðlagastaflann á Reykjavíkursvæðinu. Þessa strandlengju á fortakslaust að vernda.“

Á svæðinu eru því fleiri jarðmyndanir en Gufunestangi og Fjósaklettur sem vert væri að vernda.

### Sjávarstraumar

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að lögnin muni ekki hafa nein áhrif á sjó eða sjávarstrauma á lagnaleiðinni. Lögnin sjálf sé einungis um 10 cm í þvermál, en auk þess verði hún þyngd með steiptum steinum til að hún haldist á botni. Einnig segir í tilkynningunni: „Eftir frágang lagnarinnar eru sjónræn áhrif hennar hverfandi. Hvergi á að sjást í lögnina á landi eða í sjó. Frágangur í fjörum verður þannig að með aðstoð sjávar munu öll ummerki um rask hverfa á stuttum tíma.”

Umhverfisstofnun bendir á að ekki koma fram upplýsingar um sjávardýpi á lagnaleiðinni. Stofnunin telur mikilvægt að lögnin verði lögð á það miklu dýpi að ekki sjáist í lögnina á stórstraumsfjöru.

### Jarðvegsskipti

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur ekki fram hvar taka á efni til jarðvegsskiptanna. Stofnunin telur mikilvægt að við frágang á landi eftir jarðvegsskipti verði sléttað úr jarðvegi þannig að það svæði sem raskast við framkvæmdirnar falli vel að landinu umhverfis það að frágangi loknum.

### Leyfisveitingar


Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. að skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda þurfi leyfi Umhverfisstofnunar til lagningar neðansjávarlagna. Umhverfisstofnun bendir á að skv. fyrrgreindum lögum er lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna háð **samþykki** stofnunarinnar.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrifum, en telur mikilvægt að tekið verði tillit til athugasemda varðandi framkvæmdatíma og að staðið verði þannig að framkvæmdum og frágangi vegna þeirra að allt jarðrask verði sem minnst.

Lagning gaslagnarinnar er háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig skal leita umsagnar stofnunarinnar skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllt

  
Sigurros Friðriksdóttir  
Lagsviðsstjóri

  
Helgi Þorsson  
forstöðumaður